




Um bókina

ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan



Bókin *ÓGN*, er hugsuð fyrir ungmenni og fullorðna sem hafa áhuga á ævintýrabókum. Svandís er 14 ára stelpa sem er nýflutt norður í land, í hús sem er við hliðina á bóndabæ ömmu hennar og afa. Hún hefur oft komið í heimsókn til ömmu og afa en byrjar nú í nýjum skóla og eignast nýja vini. Skólinn hennar er lítill sveitaskóli þar sem allir þekkjast vel.

Amma Svandísar trúir á álfa og huldufólk og hefur sagt Svandísi margar álfasögur. Fjölskyldan gerir góðlátlegt grín að ömmu en Svandísi fer að gruna að sannleikskorn sé að finna í sögunum. Ragnar kennarinn hennar í nýja skólanum er litrík og skemmtileg persóna en henni líkar ekki eins vel við Björgu skólustjóra sem er litlaus og grá. Svandís kynnist tvíburasystkinunum, Brjáni og Sylvíu sem búa á næsta bæ. Þau verða vinir en Svandís heldur líka sambandi við bestu vinkonu sína í Reykjavík sem heitir Lára.

Dularfullir atburðir gerast í lífi Svandísar. Hún fær skilaboð úr álfheimum þar sem hún er látin vita að henni sé ætlað hlutverk innan álfheima. Hún þarf að leysa ákveðnar þrautir og fær við það hjálp frá vinum sínum og ömmu. Maður með svartan hatt þvælist fyrir henni bæði heima og í skólanum.

Tímarammi sögunnar nær frá hausti og fram yfir áramót. Í sögunni fléttast nútíminn við álfheima eins og þeir birtast í þjóðsagnaarfi okkar Íslendinga. Inn í söguna þvælast kynjaskepnur þjóðsagnanna og heimur skuggafólksins en skuggar ætla sér að ná yfirhöndinni í álfheimum. Um áramótin fer Svandís inn í álfheima þar sem hennar bíða æsispennandi verkefni að glíma við.

Tvær litlar aukasögur fléttast inn í aðalsöguna en í annarri er greint frá ættingja Svandísar og örlögum hans tengdum álfheimum og í hinni er lesendum leyft að skyggjast aðeins frammar í söguna og inn í hugarheim annarrar persónu. Í bókinni er að finna minningar og nostalgíu frá uppvaxtarárum höfundar. Tónlist og söngur tengist sterkt inn í söguþráðinn ásamt tilfinningabylgjum unglingsáranna.

Höfundur hafði íslenskar þjóðsögur og íslenska náttúru í huga þegar bókin var skrifuð. Þjóðsagnaarfur Íslendinga er magnaður og mikilvægt er að hann komist nær æsku landsins og að næstu kynslóðir nái að varðveita hann. Stuðst er við þjóðsögurnar og hugmyndafræðina eins og hún kemur fyrir í þjóðsagnasöfnum en þó er tekið skáldaleyfi og fært í stílinn þegar þess er þörf. Áður en höfundur hóf skriftir við bókina kynnti hann sér stóran hluta íslenskra þjóðsagna og þá sérstaklega sögur af álfum og huldufólki og skrímslasögur þar sem áhersla er á þeim tveimur flokkum þjóðsagna í bókinni.

Sögurnar af skuggafólki eru skáldskapur en sögur af skuggum er að finna víða í flökkusögum og ævintýrum. Hugmyndin að skuggafólkinu kviknaði þegar höfundur var barn og þóttist þekkja skuggafólk og lýsti því fyrir krökkunum í hverfinu. Það endaði með því að gerður var út leiðangur til að hitta skuggafólkið sem höfundur sagði að byggi í gömlum torfbæ sem notaður var sem kartöflugeymsla. Hins vegar fannst ekkert skuggafólk og krakkaskarinn varð vonsvikinn en hugmyndin um skuggafólkið lifði með höfundi og hefur nú öðlast líf.

Sögusvið bókarinnar er við Hraunsvatn undir Hraundranga í Öxnadal þó að það komi ekki í beinum orðum fram í bókinni. Höfundur breytir staðhättum heilmikið og lýsingar á grunnskólanum eiga ekki við um grunnskólann þar í sveit. Allar sögupersónur eru skáldaðar þó að höfundur sækir í æskuminningar og upplifun af yndislegum ömmum og öfum sem í minningunni höfðu alltaf nægan tíma fyrir ömmu- og afabörnin.

Í bókinni kemur tónlist mikið fyrir og tengist lífi sögupersónanna. Svandís er í tónlistarnámi og spilar á þverflautu. Hennar stærsta áhugamál er að semja tónlist og hefur hún komið sér upp aðstöðu til þess. Tónlist hennar spilar stórt hlutverk í söguþræðinum.

Bókin, ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan, er fyrsta bókin af þremur sem fjalla um sömu aðalpersónurnar sem lenda í nýju ævintýri í hverri bók. Bækurnar sem á eftir koma eru, ÓRÓI, krunk hrafnanna sem kemur út haustið 2022 og ÓLGA, kynjaslanga og skeljaskrímsli sem kemur út haustið 2023.